

Mánudaginn 3. júlí 1939.

Nr. 10/1939. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðsfélagsins
Baldurs**
gegn
Hálfdáni Hálfánarsyni.

Atvinnurekandi ekki talinn bundinn við samning milli félags atvinnurekenda og stéttarfélags, með því að hann var ekki meðlimur atvinnurekendafélagsins og hafði ekki á annan hátt skuldbundið sig til þess að hlíta samningnum.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi af Alþýðusambandi Íslands f. h. verklýðsfélagsins Baldurs á Ísafirði gegn Hálfdáni Hálfánarsyni, Hnífsdal, með stefnu, útgefinni 24. maí þ. á. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að stefndi verði, að viðlögðum dagsektum, skyldaður til þess að hita upp allt vatn til fiskþvottar á fiskverkunarstöð sinni á Norðurtanga á Ísafirði, að stefndi verði dæmdur í hæfilega sekt til ríkissjóðs og til þess að greiða málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst hann og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Dómkröfur sínar byggir stefnandi á því, að samkvæmt samningi, sem gildi á Ísafirði milli atvinnurekenda þar og verklýðsfélagsins, um kaup verkafólks á Ísafirði, þá sé atvinnurekendum skylt að „upphita allt vatn til fiskþvottar“. Nú hafi stefndi í máli þessu hafið fiskþvott á Ísafirði vorið 1938. En með því að hús það, er hann þvotið fiskinn í, hafi ekki verið þannig útbúið, að hægt væri að hita þar upp vatn, hafi stefndi fengið undanþágu hjá verklýðsfélaginu frá greindu samningsákvæði, að því er snerti þvott á fiskslatta þeim, er stefndi lét þvo í stöð sinni á Norðurtanga vorið 1938. Þess í stað hafi stefndi greitt nokkru hærra kaup en ákveðið sé í greindum samningi. Telur stefnandi, að stefndi hafi með því að hefja atvinnurekstur á Ísafirði, orðið skyldur til þess að hlíta í öllum greinum samningi þeim, sem gilti á staðnum milli verkalyðsins og atvinnurekenda þar. Og með því að sækja um und-

anþágu frá greindum samningi, hafi hann beinlinis sýnt í verki, að hann vildi vera við hann bundinn.

Frávísunarkröfu sína byggir stefndi aðallega á því, að hann hafi aldrei gerzt aðili að framangreindum samningi atvinnurekenda og verklyðsfélagsins á Ísafirði. Hann hafi hvorki undirskrifað hann né gefið öðrum umboð til þess, né heldur viðurkennt hann t. d. með því að sækja um undanþágu frá honum, heldur hafi hann stöðugt lýst því yfir við forráðamenn verklyðsfélagsins, að hann mundi ekki ganga inn á það ákvæði samningsins, að láta hita upp fiskþvottavatnið.

Samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 er það verkefni þessa dóms meðal annars að dæma um gildi vinnusamnings. Og með því að krafa stefnanda í máli þessu byggist á því, að framangreindur samningur sé bindandi fyrir stefnda, á hann (stefnandi) rétt á að fá það atriði dæmt að efni til, og verður frávísunarkrafa stefnda því ekki tekin til greina.

Sýknukröfu sína byggir stefndi fyrst og fremst á ástæðum þeim, sem frávísunarkrafa hans er byggð á, og því, að hann hafi aldrei, hvorki beint né óbeint, tekið á sig neinar skuldbindingar um upphitun vatns þess, er um ræðir í dómkröfum stefnanda. Og með því að ekki liggur fyrir í máli þessu nein sönnun þess, að stefndi hafi á nokkurn hátt skriflega, sbr. 6. gr. laga nr. 80/1939, undirgengizt ákvæði oftnefnds samnings í einstökum atriðum né í heild, auk þess sem það er upplýst, að stefndi hefur ekki í verki fullnægt ákvæði 5. greinar téðs samnings, um að hafa upphitað vatn til fiskþvotta, þá ber að taka sýknukröfu hans til greina.

Eftir þessum málalokum verður að dæma stefnanda til þess að greiða stefnda málskostnað, er ákveðst kr. 100.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Háldán Hálfánarson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. verklyðsfélagsins Baldurs.

Stefnandi greiði stefnda kr. 100.00 í málskostnað innan 15 daga frá glegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.